



# **Starfsþróunaráætlun Hlíðarskóla**

## **Skólaárið 2023-2024**

## **Efnisyfirlit**

<b>Starfsþróun og símenntun kennara .....</b>	<b>2</b>
<b>Starfsþróun kennara skiptist í two meginþætti: .....</b>	<b>2</b>
<b>Leiðir til starfsþróunar: .....</b>	<b>2</b>
<b>Markmið starfsþróunar er að: .....</b>	<b>3</b>
<b>Tillögur að námskeiðum.....</b>	<b>3</b>
<b>Teymiskennsla / teymisvinna .....</b>	<b>4</b>
<b>Námsmat .....</b>	<b>4</b>
<b>Lestur og læsi.....</b>	<b>4</b>

## **Starfsþróun og símenntun kennara**

Hverjum skóla er skylt að gera símenntunar-/ starfsþróunaráætlun sem er lögð fram á hverju ári.

Tími til starfsþróunar markast af samningsbundnum 150/126/102 klukkustundum á ári til símenntunar og undirbúnings kennara og fer fjöldi tíma eftir aldri kennara. Starfsþróun, sem hluti af þessum tíma, er almennt ætlaður tími utan við skipulagðan starfsramma skólaársins en einnig er heimilt að koma henni við á starfstíma skólans, eftir samkomulagi. 33% álag leggst á námskeið sem fara fram á starfstíma skólans og 45% álag leggst á námskeið sem fara fram á frídögum eða um helgar.

Skólastjóri er ábyrgur fyrir framkvæmd og úrvinnslu símenntunaráætlana. Starfsfólk tekur þátt í að móta símenntunaráætlánir.

### **Starfsþróun kennara skiptist í two meginþætti:**

- Þætti sem eru hluti af stefnu skólans og allir þurfa að tileinka sér
- Þætti sem kennari metur æskilega eða nauðsynlega fyrir sig til að halda sér við í starfi eða bæta við nýrri þekkingu sem nýtist í starfi.

Námskeið sem tengjast þáttum sem eru hluti af stefnu skólans og ætlast er til að allir tileinka sér eru almennt skipulögð og greidd af skólanum og fara fram á vinnutíma.

Námskeið sem tengjast áhugasviði kennara eða sem nýtist honum í starfi eru skipulögð og greidd af kennara og fara yfirleitt fram utan vinnutíma.

### **Leiðir til starfsþróunar:**

- Námskeið á vegum skólans eða annarra viðurkenndra aðila (t.d. menntabúðir Eymennt)
- Stutt námskeið og kynningar á fundartíma kennara.
- Teymisvinna
- Sjálfsnám (lestur, myndbönd, netið o.fl.)
- Markviss notkun upplýsingatækni í námi og mati
- Skipulagðir leshringir og vettvangsheimsóknir

## **Markmið starfsþróunar er að:**

- Skapa starfsfólk skilyrði til að afla sér nýrrar þekkingar og hæfni sem nýtist þeim í starfi
- Starfsmenn þrói eigin starfshætti með eftifarandi að leiðarljósi: „Hvað er nemandanum fyrir bestu“
- Hver og einn setji sér markmið og vinni að þeim
- Nýta tækifæri sem bjóðast til starfsþróunar
- Fá tækifæri til að miðla af eigin þekkingu og reynslu
- Vera opin fyrir nýjum hugmyndum og reyna þær í starfi
- Að dýpka þekkingu kennara á grunnþáttum menntunar (læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun) og tengja hið daglega starf við þessa grunnþætti á sýnilegan hátt.

Skólastjóri skipuleggur námskeið og fræðslufundi út frá stefnu skólans. Þau námskeið eru kennurum að kostnaðarlausu og er skylda að mæta á þá fundi. Kennrarar greina stjórnendum frá þeim námskeiðum sem þeir hafa áhuga á til að halda sér við í starfi og bæta við nýrri þekkingu sem nýtist í starfi.

## **Tillögur að námskeiðum**

Hverjir	Hvað
Allir starfsmenn	Skólabragur – kynning á nemendum
Allir starfsmenn	Persónuvernd – meðhöndlun upplýsinga
Allir starfsmenn	Námskeið frá barnavernd – velferð barna
Allir starfsmenn	Fyrsta hjálp
Allir starfsmenn	Brunavarnir
Allir starfsmenn	Öryggisnámskeið starfsmanna í og við sundlaug
Allir starfsmenn	Námskeið í mismunandi agastefnum (uppbygging, jákvæður agi, SMT)
Allir starfsmenn	Sjálfsvörn
Allir starfsmenn	Núvitund/jóga
Allir starfsmenn	Einhverfa og skyldar raskanir
Allir starfsmenn	Ofvirkni og athyglisbrestur
Allir starfsmenn	Kvíði og kvíðaraskanir
Allir starfsmenn	Áfallastreita/kulhun
Allir starfsmenn	Samtalstækni t.d. áhugahvetjandi samtal (Motivational Interviewing)
Kennrarar	Leiðsagnarnám
Kennrarar	Læsi er lykillinn
Kennrarar	Teiknimyndasögusamtöl
Kennrarar	Cat-kassinn
Kennrarar	ART
Kennrarar	DAM - atferlismeðferð
Kennrarar	Handleiðsla fyrir kennara
Kennrarar	Samtalsmeðferð

Kennarar	Teacch
Kennarar	Menntabúðir Eymennt
Kennarar	Upplýsingatækni

## Teymiskennsla / teymisvinna

Kennarar vinna saman í teymum og vinna saman að undirbúningi náms, kennslu og námsmats. Litið er á kennara hverrar deildar sem kennarateymi. Kennarar læra saman og bera sameiginlega ábyrgð á að mæta hverjum nemanda á hans forsendum.

Í fundaskipulagi er gert ráð fyrir að kennarateymi fái, fyrir utan daglega samvinnu, að funda 2x í mánuði til að vinna að skipulagninu ýmissa verkefna og vegna sameiginlegrar kennslu og námsmats.

## Námsmat

Í Hlíðarskóla er lögð áhersla á einstaklingsmiðað nám og metið samkvæmt lykilhæfni aðalnámskrár grunnskóla. Í Hlíðarskóla er lögð mikil áhersla á símat og reglulega endurgjöf til nemenda og í mentor.

## Lestur og læsi

Hlíðarskóli styðst við læsisstefnu Akureyrarbæjar *Læsi er lykillinn* (<https://lykillinn.akmennt.is/>) sem var þróuð í samvinnu milli skóla á Eyjafjarðarsvæðinu, miðstöðvar skólapróunar HA og fræðslusviðs Akureyrarbæjar. Aðaláherslur *Læsi er lykillinn* eru:

- Samræða, tjáning og hlustun
- Lestur og lesskilningur
- Ritun og miðlun
- Lesfimi